



Gísli Frank Olgeirsson, Ellý Tómasdóttir, Arnar Helgi Magnússon, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, Heiða Ösp Kristjánsdóttir og Sigþrúður Birta Jónsdóttir.
Ljósmynd: Embætti forseta Íslands/Mummi Lú.

Zelsíuz hlýtur Íslensku menntaverðlaunin

Forseti Íslands afhenti félagsmiðstöðinni Zelsíuz á Selfossi Íslensku menntaverðlaunin fyrir framúrskarandi þróunarverkefni við háttíðlega athöfn á Bessastöðum í síðustu viku.

Íslensku menntaverðlaunin eru veitt í fimm flokkum; fyrir Framúrskarandi skólastarf, framúrskarandi kennslu, framúrskarandi iðn- eða verkmenntun, hvatningarverðlaun og framúrskarandi þróunarverkefni, sem féllu sem fyrr segir, í skaut Zelsíuz.

Er þetta í fyrsta sinn sem verðlaunin koma í hlut félagsmiðstöðvar, en Zelsíuz hefur, í samstarfi við velferðarþjónustu Árborgar, lyft grettistaki við að rjúfa félagslega einangrun barna og unglunga. Verkefnið sýnir

mikilvægi þverfaglegs samstarfs til að koma til móts við börn eins snemma og unnt er.

Snemmtæk íhlutun

Árið 2016 hófst samstarfsverkefni velferðarþjónustunnar í Árborg og félagsmiðstöðvarinnar Zelsíuz. Verkefnið byggir á snemmtækri íhlutun sem miðar að því að börn, sem þurfa félagslegan stuðning, fái aðstoð sem fyrst til að koma í veg fyrir að vandi þeirra aukist.

Verkefnið er stuðningsúræði sem bæði hefur verið unnið á einstaklingsgrunni með tilteknu barni en einnig hefur það tekið á sig mynd sértæks hópastarfs. Markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun barna og unglunga, styrkja þá og gera að virkum þátttakendum í starfi

félagsmiðstöðvarinnar. Persónulegur ráðgjafi veitir barni ráðgjöf og liðveislur sem stuðlar að félagslegri, siðferðilegri og tilfinningalegri eflingu. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að starfsfólk nálgist unglingana á jafningjagrundvelli.

Frá því að verkefnið hófst hafa ríflega 70% barna eða unglunga sem sótt hafa úrræðið skilað sér inn í frekara starf félagsmiðstöðvarinnar.

Í BA ritgerð Arnars Helga Magnússonar um verkefnið kemur fram að ávinningur fagfólksins sem tók þátt í því sé afar mikill, sem og árangur af verkefninu fyrir virkni unglunganna sem nutu góðs af samstarfinu. Verkefnisstjóri félagsmiðstöðvarinnar Zelsíuz er Guðmunda Bergsdóttir.



Glæsileg ný verslun Húsasmiðjunnar og Blómavals á Selfossi.
Ljósmynd: Dagskráin/Helga Guðrún.

Húsasmiðjan og Blómaval opna í nýju húsnæði á Selfossi

Ný og stórglæsileg fimm þúsund fermetra verslun Húsasmiðjunnar, Blómavals og Ískraft opnaði óformlega mánudaginn 13. nóvember sl., að Larsenstræti 6 á Selfossi en formleg opnun verslunarinnar verður á morgun, föstudag.

120 manns lögðust á eitt

Meðal fjölmargra nýjunga í versluninni eru sjálfsafgreiðslukassar, rafrænar hillumerkingar, hleðslustöðvar og gæsilegt sölu- og ráðgjafasvæði fyrir söluráðgjafa. Flutningar úr gömlu versluninni hafa gengið vel, en smátt og smátt hefur starfsfólk flutt vörur yfir í nýju verslunina undanfarnar vikur og um helgina voru um 120 manns, ásamt fjölda iðnaðarmanna, sem flyktust saman og fluttu megnið af því sem eftir var í gömlu versluninni yfir í þá nýju.

Guðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri verslansviðs Húsasmiðjunnar, segir Húsasmiðjuandann einkennast

af samheldni og að allir hafi lagst á eitt. „Um 25 manns, bæði frá Selfossi og Vöruhúsi Húsasmiðjunnar í Reykjavík fluttu alla þungavöru. Vörustjórnir hafa hjálpað deildarstjórnunum í versluninni á Selfossi að skipuleggja upp-röðun vara, raða sýnishornum og tilfallandi. Auk nánast allra starfsmanna og helgarstarfsmanna úr versluninni á Selfossi, komu handboltastrákar og stelpur úr meistara-flokki kvenna á Selfossi, Starfsmenn Húsasmiðjunnar og Blómavals frá Reykjavík, verslunum okkar í Skútuvogi, fagmannaverslun, Grafarholti, ásamt öflugum hópi frá Akureyri og hjálpuðu til við flutninga. Þá var stór hópur, mestmegnis kvenna, frá skrifstofu Húsasmiðjunnar í Reykjavík, sem eyddi allri helginni í að raða vörum upp í hillur og gera verslunina tilbúna fyrir formlega opnun næsta föstudag. Nánar um opnunina á bls. 15.

Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi fyrirtæki 2023



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA bZ4X

100% RAFMAGNSBÍLL



Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000





KÓSÝKVÖLD

OPIÐ TIL KL. 22
FIMMTUDAGINN 16.NÓV.
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM

Motivo
VERZLUN

BRÚARSTRÆTI 3 SELFOSSI S.4821700 MOTIVO.IS

Það eru

38
DAGAR TIL
JÓLA

Hannaðu það sjálfur!
honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.

Sendum hvert á land sem er!




Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.


Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)



Árekstur, bílvelta og slysaskot

Næg verkefni hafa verið hjá lögreglunni á Suðurlandi undanfarna daga. Nokkrir voru teknir fyrir of hraðan akstur um síðustu helgi og þar á meðal erlendur ferðamaður sem ók um Suðurstrandarveg, austan við Hlíðarvatn. Sá ók á yfir 150 km hraða. Hann gekkst við broti sínu og greiddi háa sekt og var sviptur öruréttindum.

Harður árekstur varð á Suðurlandsvegi á við afleggjarann inn að Hótel Rangá á laugardag, þegar bifreið var ekið aftan á aðra bifreið. Bifreiðarnar voru talsvert mikið skemmdar og öðkuhæfar. Alls voru 8 manns í þessum árekstri en sem betur fer er talið að meiðsli þeirra séu minniháttar. Sjúkraflutningamenn frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands óku fram á áreksturinn og voru með þeim fyrstu á



vettvang. Farþegarnir 6 og öku-menn bifreiðanna voru fluttir á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi til frekari aðhlyningar.

Bíll valt á Biskupstungnabraut, rétt sunnan við Reykholt. Einn var í bílnum og var sá einnig fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurlands til frekari skoðunar. Hann er talinn með minniháttar meiðsli.

Þá varð það óhapp á laugar-

dag að rjúpnaskytta sem var við göngu og veiðar í nánd við Ármannsfell datt og við fallið hljóp skot úr haglabyssunni sem endaði í aftanverðu læri hans. Þýrla Landhelgisgæslu Íslands sem var á leið til Reykjavíkur með sjúkling, kom við og flutti skyttuna á slysadeild Landspítalans í Fossvogi.

Lögreglumenn frá embættinu sinna nú gæslu og lokunum á Suðurstrandarvegi vegna jarðhræringa við Grindavík. Vill lögregla vekja athygli þeirra sem aka um Suðurstrandarveg að hann er lokaður fyrir allri umferð til vesturs frá Krísvíkuvægi nema umferð viðbragðaðila og þeirra sem hafa fengið sérstakt leyfi til að fara inn fyrir lokun. Búast má við að þessi lokun muni vara í nokkurn tíma.



Kvenfélag Selfoss.



Oddfellowssystur í Rebekkustúku.

Gjafir frá velunnurum HSU

Ísumar sem leið, færðu Oddfellowssystur í Rebekkustúku nr. 20 Halldóru I.O.O.F. heilsugæslunni á Selfossi lyfjadælu að verðmæti 266.600 kr. Lyfjadælan er fyrir heimahjúkrun heilsugæslu Selfoss og er ætluð til lífslokameðferðar fyrir sjúklinga sem kjósa að dvelja heima. Núna í nóvember færðu full-

trúar frá Kvenfélagi Selfoss, Bráða- og slysamóttöku að gjöf lífsmarkamæli að andvirði um 479.000 króna. Tækið tengist þráðlaust móðurstöð, þar sem hægt er að fylgjast með ástandi sjúklings sem liggur inni. Það er færanlegt á hjólastandi, svo hægt er að fara með það milli herbergja, tækið mælir blóð-

þrýsting, puls, hita og súrefnismettun.

Í tilkynningu frá HSU segir að gjafirnar séu kærkomnar viðbætur í tækjabúnað deildanna og bæti aðbúnað og öryggi sjúklunga og starfsmanna. Þá þakka þau innilega fyrir gjafirnar og segja ómetanlegt að finna þann hlýhug sem svona gjöfum fylgir.



blómauval



HÚSASMIÐJAN

ISKRAFT

NÝ VERSLUN Á SELFOSSI

Ný glæsileg verslun á Larsenstræti 6, Selfossi.
Opnunartilboð gilda 17. nóvember - 3. desember
meðan birgðir endast



25%

Gluggaljós

Solna, 45 cm eða 60 cm, grátt.

2700797-8

Verð frá

4.118,kr
~~5.450,kr~~



42%

Jólastjarna

10327515

1.990,kr
~~3.450,kr~~

10
stk.

33%

AEG

Þvottavél

Með kolalausum mótör, Öko mótör. virkar með „My AEG Care“ appinu, WiFi tengt, með þvottaskammtskerfi. 1860551

119.900,kr
~~179.900,kr~~



Þú sparar
60.000,kr.

35%



JOTUN

Innimálning Lady Essence 9L

Tryggir góða áferð, gott að rúlla og pensla með. Yrist lítið, þurr eftir 2 klst og þekur ávallt í tveimur umferðum. 7122309

14.940,kr
~~22.950,kr~~



Eldhús og
handlaugartæki

25%
afsláttur

Parket

25%
afsláttur

Flísar

35%
afsláttur

Allar jólaseríur

25%
afsláttur



Skoðu blaðið



Dagskrá
Opnunarhátíð

Föstudagur **17.**

Blöðrur og íspinnar fyrir börnin. Kaffi og með því fyrir alla á meðan birgðir endast.

Laugardagur **18.**

Blöðrur og íspinnar fyrir börnin á meðan birgðir endast. Latibær skemmtir kl. 14.



Latibær skemmtir kl. 14 á laugardaginn 18. nóvember

25% af öllum jólavörum

Tilboðin gilda eingöngu í Húsasmiðjunni á Larsenstræti



Tómas Þóroddsson og Svanhildur Ólafsdóttir á Messanum Selfossi. Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún

Messinn veitti Krabbameinsfélagi Árnassýslu 685.000 króna styrk

Í síðustu viku veitti veitinga-ímaðurinn Tómas Þóroddsson Krabbameinsfélagi Árnassýslu styrk að upphæð 685.000kr. sem safnaðist í bleikum október. Upphæðin safnaðist við sölu á Bleikjupönnu á veitingastöðum Messans á Selfossi og Reykjavík og runnu 500 krónur af hverri seldri pönnu til félagsins, en alls seldust 1370 bleikjupönnur í október. Tómas segir að viðskiptavinir hafi verið meðvitaðir um að með því að velja Bleikjupönnu hafi þeir verið að stykja starfsemi félagsins.

Tómas hefur veitt félaginu styrki á síðustu árum með ýmsum hætti, meðal annars með matreiðslukennslu í endurhæfingarhópnum, boðið uppá súpu á viðburðum félagsins, gefið vinninga í happdrætti og nú í Bleika boðinu í október sl. bauð Tómas gestum boðsins uppá veitingar.

Krabbameinsfélag Árnassýslu leggur metnað sinn í að veita krabbameinsgreindum og aðstandendum þeirra uppá andlegan, líkamlegan og félagslegan stuðning með fjölbreyttri

starfsemi. Fjárhagslegir styrkir gefa félaginu tækifæri til eflingar á þjónustu og viðburða sem félagsmönnum stendur til boða auk þess sem slíkir styrkir gera félaginu kleift að halda úti aðstöðu sinni að Eyravegi 31.

Svanhildur Ólafsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Árnassýslu segir mikilvægt fyrir félagið að finna velvilja og samhug samfélagsinsins, það veiti hvatningu til að efla starfsemi og tækifæri til að mæta þörfum félagsmanna á þeirra forsendum.

Spjall um grafík með Ragnheiði Jónsdóttur á Listasafni Árnesinga



Ljósmynd: Jóhanna Ólafsdóttir.

Á laugardaginn næstkomandi þann 18. nóvember kl.14:00 verður Spjall um grafík á Listasafni Árnesinga þar mun

Valgerður Hauksdóttir listakona og Alda Rose Cartwright verkefnastjóri fræðslu á Listasafni Árnesinga spjalla við hina

þjóðkunnnu listakonu Ragnheiði Jónsdóttur um störf hennar og aðferðir í myndlist.

Sýningin Kosmos/Kaos er um þessar mundir til sýnis í safninu, til 22. desember nánar tiltekið, þar sem eldri grafík verk og nýlegar stórar kolateikningar eru til sýnis. Grafík verður höfð að leiðarljósi í þessu spjalli og fá gestir ítarlega innsýn í vinnslu verka hennar og hvað hafði áhrif á listsköpun hennar og aðferðir.

Ragnheiður hlaut heiðursviðurkenningu íslensku myndlistarverðlaunanna fyrir á þessu ári og á að baki ríkulegan feril sem hefur sett mark sitt á sögu listmenningar á Íslandi. Öll innilega velkomin.



Þórarinn Smári Thorlacius er sunnlenski matgæðingur vikunnar.



Mig langar að byrja á að þakka honum Páli Óla, eða Plóla eins og hann er kallaður, kærlega fyrir þessa áskorun. Ég hef eldað uppskriftina hans þrisvar sinnum síðan hún birtist í síðustu viku. Svo góð var hún. En ég sjálfur er ekki mikið fyrir að flækja hlutina og vil helst elda eitthvað sem er ekki of mikil fyrirhöfn og auðvelt er að ganga frá eftir.

Ég hef sérhæft mig í að elda nautagúllas með hrísgrjónum og ætla því að deila minni uppskrift af því hnossgæti.

Nautagúllas með hrísgrjónum

500 gr nautagúllas
2 paprikur - ein rauð og ein græn
Stór laukur
2 hvítlauksgeirar
3 gulrætur
Hellingur af sunnlenskum sveppum
Ein 500ml drusla af rjóma
4-5 nautakrafts teningar
Hrísgrjón
Maizena

Fólki er velkomið að nota hugmyndaflugið við val á grænmeti en ég hef notað þessi hráefni hvað mest.

Best er að elda þetta í potti.

Byrjið á því að skera niður allt grænmetið, ekki of smátt en heldur ekki of stórt. Muna millivegin.

Svo er farið beint í það að steikja gúllasið og skellt salti og pipar og alls ekki vera feimin við piparinn, það má vera nóg af honum.

Setjið hvítlaukinn og laukinn úti og steikið í 2-3 mínútur. Því næst er að skella restinni af grænmetinu úti og steikja það í örlitla stund.

Svo er sett 800-900 ml af vatni út í og látið suðuna koma

upp og setjið nautakrafts teningana út í lækkið svo hitann, skellið loki á og látið sjóða í einn og hálfan til tvo tíma.

Því lengur því betra.

Verið viðbúin því að dýrindis ilmur muni umlykja húsið meðan á suðunni stendur. Til að drepa tímann meðan maturinn mallar er gott að setjast niður við ljóðalestur.

En ég mæli með ástarljóðum Páls Ólafssonar, „Ég skal kveða um eina þig alla mína daga.“

Þegar þetta hefur soðið í sirka einn og hálfan tíma er kominn tími til að fara sjóða hrísgrjónin. Ég kys að hafa hrísgrjón með þessu frekar en kartöflumús einfaldlega því mér þykja þau betri.

Rétt áður en grjónin verða tilbúin má fara að undirbúa að gera sósuna. Hún er nú ekki flókin. Hellið rjómanum út í og hrærið við og náðið suðunni upp aftur. Þykkið þetta svo með Maizenu og smakkið til með salti og pipar.

Svo er kássan bara sett á disk með hrísgrjónum.

Eins og ég sagði hér að ofan þá þykir mér best að hafa þetta frekar auðvelt og er eftirrætturinn því ansi þægilegur. Kókosbollur.

Ég vil skora á vin minn Rikard Arnar B. Birgisson. Við vorum að koma heim frá glæsilegustu borg Evrópu, Liverpool. En þar talaði hann mikið um hvað hann er mikill matmaður og liggur yfir góðum uppskriftum eins mikið og hann getur. Ég vil enda þetta á einu heilræði sem Rikki segir alltaf við mann: Lífið er ein stór uppskrift og við skulum gera hana vel.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.
Blámaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis og þriðjudegi.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Dró upp segl en var á verði, (sögn)
verk sem þvottakona gerði. (sögn)
Mælieining kölluð kerti,
konu að sér sneri Berti. (sögn)

Svar við gátu í blaði 2726: **VER**
1. Verstöð/Ver - 3. Kodda-/sængurver
4. Eggver



Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is
dfs@dfs.is - www.dfs.is

LJÓSA HELGI

16. - 19. nóvember

25-40%
AFSLÁTTUR AF
INNI- OG
ÚTILJÓSUM,
JÓLALJÓSUM
OG SERIUM*

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

*Gildir ekki af perum eða vinnuljósum

Börn og ungmenni úr Grindavík velkomin í Umf. Selfoss

Umf. Selfoss, hefur ákveðið að bjóða öllum börnum og unglingum, frá Grindavík, sem það kjósa, að mæta á æfingar hjá deildum félagsins, endurgjalds-laust, á meðan þau geta ekki stundað íþróttastarf í Grindavík. Hugur allra ungmennafélaga er hjá íbúum Grindavíkur og vilja þeir gera allt til þess að aðstoða á þann hátt sem þeir geta. For-

maður félagsins, Helgi Sigurður Haraldsson, hefur haft samband við formann Ungmennafélags Grindavíkur, Klöru Bjarnadóttur og boðið þetta fram og munu þau miðla nauðsynlegum upplýsinga til foreldra og iðkenda frá Grindavík, um tengiliði innan Umf. Selfoss og um æfingar og æfingátíma hjá félaginu.



Kerhólsskóli óskar eftir að ráða kennara í leikskóladeild



Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með u.þ.b. 70 nemendum á aldrinum 1. árs upp í 10. bekk þar af eru 18 börn í leikskóladeild. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt, útikennslu og heilsuefingu. Leikskóladeildin vinnur auk þess út frá kenningum um „Flæði“. Kerhólsskóli er í u.þ.b. 15. mín akstursfjarlægð frá Selfossi.

Vakin er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu.

Kennari í 100% starf. Kennarar í leikskóladeild starfa eftir starfslýsingu leikskólakennara.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu í leikskóla
- Góð færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Vilji til að gera góðan skóla betri

Fáist ekki kennari er möguleiki að ráða leiðbeinanda tímabundið.

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur 30. nóvember 2023

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf strax eftir áramót.

Nánari upplýsingar gefur Sigríður Þorbjörnsdóttir deildarstjóri leikskóla/staðgengill skólustjóra í síma 480-5520, 867-5175. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til deildarstjóra/staðgengill skólustjóra sigga@kerholsskoli.is

Höfuðdagur

Stökkseyri fyrir hundrað árum er söguvið nýrrar bókar eftir Ingólf Sverrisson. Móðir hans fæddist þar árið 1923 en missti báða foreldra sína sex ára gömul og orðin niðurstetningur sem hreppurinn kom fyrir hjá blá ókunnu fólki á öðrum bæ. Í bókinni rekur höfundur sögu hennar fyrstu sextán árin á Stökkseyri, hvernig hún komst af við erfiðar aðstæður og hvernig gott fólk og aukinn þroski fleytti henni áfram til bjargálma og farsæls lífs.

Að sögn höfundar vildi hann með bókinni móta heildstæða mynd af þessum afdrifaríku árum móður sinnar í þorpinu. Kynast aðstæðum á Stökkseyri fyrir eitt hundrað árum, mannlífina þar og náttúrunni, baráttu og viðmóti fólks-

ins við syðsta haf sem „getur oft verið gjöfult en krafðist á móti mikilla mannfórna þegar veður fóru hamförum,“ eins og fram kemur í aðfaraorðum.

Þar segir enn fremur: „Hitt var þó sýnu mikilvægara, að átta sig á því hvaða lærdóm við nútímafólkið getum dregið af aðstæðum sem skópu börnum örlög fyrir eitt hundrað árum. Höfum við gengið götuna til góðs frá þeim tíma?“

Höfundur bókarinnar aflaði sér fjölbreyttra upplýsinga um lífið á Stökkseyri fyrir eitt hundrað árum. Tengdi þær síðan staðreyndum úr lífi móðurinnar á þessum tíma og fyllti upp í með eigin frásögnum úr daglegu lífi hennar og þeirra sem henni stóðu næst. Söguviðið er einkum kringum bæinn Grímsfjós þar sem hún var í fóstri, Vegamót, bæinn við



hliðina og svo lífið í plássinu allt frá Beinategshverfi og austur til Sönduhverfis. Úr þessum efni- víði var bókinn Höfuðdagur saminn en móðir höfundar fæddist þann dag fyrir röskum 100 árum í þurabúðinni Nýjabæ norðan Löngudælar.

Útgefandi bókarinnar segir á baksíðu: „Bókin er öður til móður sem strax á æskuárum gekk í gegnum ótrúlega þrekraun og stóð að lokum uppi glæsileg og virt kona í fjarlægum landshluta og eignaðist átta börn.“

SÉRKENNSLUSTJÓRI ÓSKAST

Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir sérkennslustjóra til starfa í 100% stöðu. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. Leikskólinn Álfaborg er þriggja deilda leikskóli sem starfar í anda Reggio Emilia og er staðsettur í Reykholti, Biskupstungum.

Leikskólinn Álfaborg

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum ásamt leikskólustjóra.
- Yfirumsjón með uppeldis- og námsgögnum leikskólans sem tengjast sérkennslu, gerð verkefna og gerð einstaklingsnámskráa.
- Ber ábyrgð á miðlun upplýsinga milli sérkennsluráðgjafa/sérkennslufulltrúa leikskóla og starfsmanna leikskólans.
- Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur við foreldra og starfsmenn.
- Að veita börnum með sérþarfir leiðsögn og stuðning.

MENNTUNAR-OG HÆFNISKRÖFUR:

- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun í sérkennslufræðum æskileg
- Reynsla af sérkennslu
- Reynsla af starfi í leikskóla
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta

FRÍÐINDI Í STARFI:

- Sund/líkamsræktarkort Bláskógabyggðar
- Fatastyrkur
- Styttling vinnuvikunar
- Skapandi starfsumhverfi
- Yfirvinnugreiðslur (6 klst.)

Með umsókn um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil, afrit af leyfisbréfi og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Starfið hentar öllum kynjum. Nánari upplýsingar um starfið veitir Lieselot Simoen, leikskólustjóri í síma 480 3051.

Umsóknir sendist á netfangið: alfaborg@alfaborgleikskoli.is Umsóknarfrestur er til 30. nóvember 2023

Kvikmynd Marteins um líf Selfyssinga í 60 ár

Það var dýrleg stund á Sviðinu í hinum nýja miðbæ Selfoss á fimmtudagskvöldið var, Marteinn Sigurgeirsson sonur þess eftir minnilega manns Geira unglings var kominn heim með Kvikmynd um líf og æskufjör Selfyssinga í sextíu ár. Marteinn hafði sem fermingardrengur farið í Kaupfélagið að kaupa myndavél en í staðinn keypti hann kvikmyndavél. Á öllum stórum hátíðum hér höfum við séð hann með kvikmyndavélina sína að filma atburði lýðandi stundar. Nú var komið að uppskerustund og þeir bræður Marteinn og Gunnar hafa báðir mikla ástríðu fyrir sögu samfélagsins og gildi menningarinnar. Á Sviðinu var hvert sæti skipað og spenna var í lofti og þeir bræður

brugðust ekki samfélagi sínu. Marteinn sýndi marga kafla úr mannlífi staðarins og æskan hans fékk ómældan skerf unga fólkið hér fætt fyrir og eftir 1950. Í fótbolta og íþróttum og ferðalögum í Þórsörk til Húsavíkur og Færeyja með gleði sína og öll þessi glæstu æskuandlit eru nú orðin fullorðin og mörg skörð höggvin í hópinn. Bítlahárið var komið og glæstur klæðaburðurinn vakti athygli þeirra yngri í salnum, söngur og gleði. Barna geta börn og unglingar séð pabba og mömmu á hinum glöðu árum æskunnar. Við fylgjum með þegar karlmenn bæjarins grafa fyrir kirkjunni okkar fyrir að verða 70 árum með handafli, hvar var grafan? Hestamannafélagið fær glæstan þátt og viðtöl við marga gömlu

snillingana. Sama er að segja um Leigubílamenninguna svo ekki sé talað um Selfossbíó sem innfæddir töluðu um með lotningu sem hið eina menningarhús með bíómyndum og frægum dansleikjum og innréttingar gamla Leós, Ljóns Norðursins. Nú verður Selfossbíó endurreist í hinum nýja miðbæ þannig að gamla fólkið verður ungt á ný og stelpurnar túbera hárið og fara á ball. Í kvikmyndinni er mikið sagt frá Landsmótum Ungmennafélags Íslands og þá sérstaklega sem Héraðssambandið Skarphéðinn hélt hér sunnlands. Svo sjáum við hina frægu sauðfjárrekstra í gegnum bæinn, íhaldslömbin halda í Höfn ef framsóknarlömbin út yfir brú í SS, og krakkar bæjarins hjálpa

rekstrarmönnum. Þeir skipta mörg hundruð selfyssingarnir og sunnlendingarnir sem koma fyrir í kvikmyndinni. Marteinn Sigurgeirsson hafur skráð sögu bæjar síns og mannlífs eftirminnilega í 60 ár. Allir verða að sjá þessa

mynd oft var hlegið og klappað og þeir bræður gáfu ekkert eftir í sagnagleði sinni. Þessa mynd verða allir að sjá og upplifa hið glæsta samfélag sem hér reis eftir Flóaáveituna.

Guðni Ágústsson



Verkstjóri á Selfossi óskast

Við leitum að öflugum og skipulögðum verkstjóra rafiðnaðarmanna fyrirtækisins með aðsetur á Selfossi. Hér er um fjölbreytt starf að ræða við stjórnun á öflugum framkvæmdaflokki sem vinnur við nýframkvæmdir, viðhald og viðgerðir á dreifikerfi RARIK. Við leggjum áherslu á jafnrétti og fjölbreytileika mannauðs og tökum vel á móti alls konar fólki.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Byggja upp öfluga liðsheild
- Mönnun og skipulag verkefna
- Vinna við dreifikerfi RARIK
- Eftirfylgni með framkvæmd verka
- Efling öryggisvitundar
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Gott samstarf við aðra starfsmenn RARIK og viðskiptavinum RARIK

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagnsiðnfræði/meistarapróf í rafvirkjun
- Góð færni í samskiptum og teymisvinnu
- Öflug öryggisvitund
- Reynsla af stjórnun
- Drifkraftur, frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni til að skipuleggja vinnu, leiðbeina og miðla upplýsingum

Trúnaður ríkir um umsóknir og öllum verður svarað. **Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk.** Nánari upplýsingar veitir Ásbjörn Gíslason, yfirmaður framkvæmda í síma 528 9000.

RARIK er fjölskylduvænt leiðandi tæknifyrirtæki í veiturekstri með ríka samfélagslega ábyrgð. Hlutverk fyrirtækisins er að dreifa raforku auk þess sem fyrirtækið aflar, dreifir og annast sölu á heitu vatni. Starfsfólk fyrirtækisins er rúmlega 200 á 20 starfsstöðvum vítt og breitt um landið.

Ókeypis blóðsykurmæling!

Laugardaginn 18. nóvember verða Lionsklúbburinn Embla og Lionsklúbbur Selfoss með ókeypis blóðsykurmælingar í Krónunni á Selfossi frá kl. 12 til kl. 16.

Fólk er hvatt til að mæta.



Aðalsafnaðarfundur STOKKSEYRARKIRKJU 2023

Aðalsafnaðarfundur Stokkseyrarkirkju verður haldinn miðvikudaginn 29. nóvember 2023 kl. 20:00 í safnaðarheimilinu Hafnargötu 10, Stokkseyri.

Venjubundin aðalfundarstörf

Safnaðarstjórnin



Leikfélag Austur-Eyfellinga

Maður í mislitum sokkum, eftir Armund Backman.

Frumskýning fimmtudaginn 16. nóvember kl 20:00
2. sýning . . . föstudaginn . . . 17. nóv. kl 20:00
3. sýning . . . sunnudaginn . . . 19. nóv. kl 20:00
4. sýning . . . þriðjudaginn . . . 21. nóv. kl 20:00

Allar sýningar verða á Heimalandi Vestur-Eyjafjöllum

Aðgangseyrir kr. 3.500 fyrir 12 ára og eldri.
Afsláttur fyrir 10 manna hópa og stærri.

Posi verður á staðnum.

Miðapantanir á netfangið leikfelausture@gmail.com
eða í síma 824-8889, 846-0781 og 843-0766



Skyldusigur í Hveragerði

Hamar tók í síðustu viku á móti Vestra í Unbroken deildinni, efstu deild karla í blaki.

Hamar var fyrir leikinn í efsta sæti deildarinnar með fullt hús stiga eftir 5 umferðir. Vestri var aftur á móti í 4. sæti. Vestramenn eru þó sýnd veiði en ekki gefin því dagsformið á liðinu hefur verið frekar misjafnt hingað til.

Hamar vann fyrstu hrinuna

örugglega 25-14. Önnur hrina var jöfn og spennandi og liðin skiptust á að hafa forystuna. Jafnt var í stöðunni 20-20 en þá settu Hamarsmenn í 5. gír og unnu hrinuna að lokum 25-21.

Þriðja hrina var einnig jöfn og spennandi. Hamarsmenn voru þó með frumkvæðið framman af og Vestramenn að elta. Vestri náði þó forystunni undir lokin, 25-24 og 26-25. Þrátt fyrir mikla baráttu heimamanna hafði

Vestri sigur að lokum eftir upphækkun 31-29.

Í fjórðu hrinu var aftur á móti ljóst að Hamarsmenn ætluðu ekki í oddahrinu. Þeir voru með frumkvæðið alla hrinuna og unnu hana að lokum örugglega 25-16 og leikinn 3-1.

Stigahæstir í liði Hamars voru Tamas Magyar og Tomek Leik með 17 stig en í Vestra var það Marcin Graszka með 16 stig.



HSH Þrif og flutningar hefur opnað þvottahús á Selfossi að Breiðamýri 3.

Við bjóðum upp á þvott og lín leigu í þvottahúsi okkar. Tökum að okkur regluleg þrif fyrir sumarhús, hótél, gistiheimili, húsfélög og fyrirtæki.

Almennar ræstingar, auka þrif og ýmis önnur þjónusta.

Gerum tilboð sem hentar þínum þörfum.

Hægt er að nálgast frekari upplýsinga í síma 792-1727 eða í tölvupóst á hshflutningar@gmail.com.



Fyrsta æfing á Stroke verkferli á HSU

Þann 8. nóvember sl. var fyrsta æfing á nýjum verkferli á HSU. Ferillinn snýr að því að bæta móttöku sjúklinga með einkenni heilablóðfalls.

Í stað þess að sjúklingur sé keyrður beint til Reykja-

víkur getur hann nú, miðað við ákveðnar forsendur, mætt fyrst á HSU og farið í tölvusneiðmyndatöku. Í kjölfarið er metið í samráði við ráðgefandi taugalækni á Landspítala hvort sjúklingur fái segaleysandi lyf.

Sjúklingur er svo sendur á taugadeild Landspítala til frekari skoðunar. Með þessum nýja verkferli er mögulegt að spara dýrmætar mínútur sem geta haft áhrif á lífsgæði sjúklinga sem fá heilablóðfall.



Jólatónleikar Karalakórs Selfoss 2023

Æfingar hófust hjá Karalakór Selfoss í byrjun október sl. og hafa um 70 söngmenn mætt á fyrstu æfingar vetrarins. Menntu eru spennir fyrir vetrarstarfinu og ýmis verkefni eru framundan. Má þar nefna meðal annars að kórinn mun syngja við formlega opnun nýrrar verslunar Húsasmiðjunnar á Selfossi, í dag, fimmtudaginn 16. nóvember kl. 17:00. Þá verður farið í haust-skemmtiferð um Flóann laugardaginn 18. nóvember. En aðal verkefni þessa dagana eru æfingar fyrir jólatónleika kórsins sem haldnir verða í desember.

Jólatónleikarnir verða tvennir, annars vegar í Skálholtsdómkirkju mánudagskvöldið 11. desember kl. 20:00 og seinni tónleikarnir verða í Selfosskirkju þriðjudagskvöldið 19. desember kl. 20:00. Er sérstaklega leitast við að hafa þá hátíðlega og um leið skemmtilega. Aðgangur að jólatónleikunum er eins og fyrr ókeypis, jólagjöf kórfélaga til samfélagsins, og allir velkomnir. Stjórnandi kórsins er Skarphéðinn Þór Hjartarson og píanóleikari Jón Bjarnason, hafa þeir báðir unnið með Karalakór Selfoss mörg undanfarin ár.





Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss




LÓÐIR UNDIR PAR- OG RAÐHÚS, SALA Á BYGGINGARRÉTTI

Árborg auglýsir til sölu byggingarrétt fyrir íbúðarhúsnæði. Um er að ræða 12 lóðir fyrir alls 38 íbúðir. Sjö parhúsaloðir og fimm raðhúsaloðir. Stærð lóða á bilinu 1.020–1.972 m². Um er að ræða vel staðsettar lóðir nærri sterkum þjónustukjörnum.

Leitað er að kaupþilboðum í lóðirnar frá einstaklingum og/eða lögaðilum sem hyggjast byggja íbúðir í samræmi við deiliskipulag svæðisins. Svæðið er hluti af uppbyggingarsvæði á landi Bjarkar sem liggur sunnan Suðurlhóla og meðfram Eyravegi.

Lóðirnar sem um ræðir eru Móstekkur 34-36, 38-40, 42-44, 46-48, 60-68, 50-58, 61-63, 65-67, 69-71, 91-99, 81-89 og 73-79. Lóðirnar verða tilbúnar til afhendingar 1. Febrúar 2024. Á svæðinu er í gildi deiliskipulag sem öðlaðist gildi með auglýsingu þann 14. júní 2019 ásamt breytingum sem samþykktar hafa verið frá þeim tíma.



Tilboð í byggingarrétt á lóðunum ásamt umbeðnum fylgigögnum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour (tengill er á vef Árborgar) innan auglýsts skilafrest, sem er kl. 13:00 föstudaginn 17. nóvember 2023. Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur er liðinn. Í kjölfar opunar verður tilboðsgjöfum sent opunaryfirlit rafrænt.

Niðurstaða útboðs verður birt á vef Árborgar.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Árborgar, www.arborg.is



Tveggja og þriggja ára börnin slógu í gegn við æfingarnar

Það var líf og fjör þegar kynning á verkefninu YAP eða Young Athlete Project fór fram í leikskólanum Jötunheimum á Selfossi 7. nóvember sl. Leikskólar á Suðurlandi fengu boð um að senda fulltrúa og við erum mjög þakklát þeim sem mættu og sýndu áhuga á verkefninu.

Eftirtaldir 8 leikskólar sendu fulltrúa;

Goðheimar, Hulduheimar auk Jötunheima á Selfossi. Kerhóls-skóli, -leikskóladeild, Grímsnes og Grafningshreppi. Bergheimar, Þorlákshöfn. Bláskógaskóli, Laugarvatni, Leikskólinn Laugalandi, Rangárvallasýslu og Mánaland, Vík í Mýrdal

Tveggja og þriggja ára börn sýndu færni sína í þrautabraut undir stjórn Sigurlínar Jónu Baldursdóttir íþróttakennara á Jötunheimum. Börnin hituðu upp í járnbrautarlest og voru vel undirbúin þegar kom að æfingum sem þau leystu með stæl. Sigurlín sagði frá YAP

starfi í leikskólanum og ítrekaði gildi þess að horfa til jaðaráhrifa hreyfipjálfunar, s.s. félagsfærni, málþroska og annars náms. Anna Karólína Vilhjálmisdóttir, framkvæmdastjóri

Special Olympics á Íslandi ræddi um tilkomu YAP og innleiðingarferlið á Íslandi. Heilsuleikskólinn Skógarás, Ásbrú hefur verið leiðandi í YAP verkefninu frá 2015 og fulltrúar skólans, þær Ásta Katrín Helgadóttir íþróttakennari og Þóra Sigrún Hjaltadóttir leikskólastjóri sögðu frá innleiðingu YAP í skólastarfið. Þær sögðu að YAP verkefnið hafi ekki aðeins haft jákvæð áhrif á líkamsástand barnanna heldur ekki síður á félagslega færni, málþroska, námsfærni og sjálfstraust. Í Skógarási eru 60% barna tvítýngd og YAP hefur reynst mjög áhrifaríkt verkefni við íslenskukennslu þar sem börnin vinna saman í leik og æfingum. Ýmsir námsþættir hafa verið tengdir YAP verkefninu s.s. lestur og stærðfræði og kennarar geta nýtt verkfærakistu

YAP eins og hentar. Niðurstöður rannsóknar sem gerð var í Skógarási sýndi að foreldrar töldu YAP hafa haft mjög jákvæð áhrif á börnin og kennarar voru ánægðir með hvernig YAP hafði skapað nýtt tækifæri til samstarfs við íþróttakennarann

Hvað er YAP og hvers vegna getur það nýst leikskólum á Íslandi?

Verkefnið sem byggir á hreyfipjálfun og snemmtækri íhlutun, er á vegum Special Olympics International og hefur verið innleitt á Íslandi frá árinu 2015. Þar sem þetta er alþjóðaverkefni er tekið mið af því að hægt sé að þróa það áfram, hvar í heiminum sem er. Uppsetning kennsluefnis er skýr og aðgengileg og einfaldur grunnbúnaður nýtist við framkvæmd. Hvert land getur svo þróað verkefnið áfram í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru og á Íslandi hefur YAP verið aðlagð að því starfi sem fyrir er í leikskólum. Kennsluefni er skipt í 8 meginþætti sem byggja



upp grunnhreyfifærni en efnið var sett upp í samstarfi við háskólann í Boston. Miðað er við 8 vikna prógramm þar sem hver dagur er skipulagður út frá markmiði hvers þáttar. Mælingar eru gerðar í upphafi æfinga og að loknu tímabili. Þó YAP hafi í fyrstu verið sérstaklega sett upp til að virkja börn með sérþarfir þá hefur það komið í ljós hér á Íslandi, að öll börn njóta góðs af. Oft kemur í ljós við mælingar að þörf er á að fylgja eftir ákveðnum þáttum hjá börnum sem á engan hátt skera sig úr.

Ástæða þess að Special Olympics á Íslandi innleiddi YAP verkefnið er að rannsóknir hafa sýnt gífurlega áhugaverðar niðurstöður, þegar horft er á snemmtæka íhlutun í hreyfifærni. Samstarf við heilsuleikskólann Skógarás Ásbrú hefur staðfest jákvæðar niðurstöður. Þrátt fyrir fjölmargar rannsóknir á þessu sviði þá virðist markviss hreyfipjálfun ekki vera í boði nema í fáum leikskólum og vísað er í frjálsan leik og útiveru sem hreyfipjálfun. Af einhverjum ástæðum hefur hreyfipjálfun ekki fengið sinn sess í umræðunni þegar kemur að fagmennsku. Það er gerð krafa um fagmennsku þegar kemur að málörvun. Þá er ekki nóg að hafa frjálst tal. Þrátt fyrir að fagfólk eigi að þekkja vel rannsóknir um gildi hreyfiproska og hreyfifærni fyrir annað nám, -þá er litill sem engin umræða um þessi mál. Þar sem fólk beitir sér fyrir góðri aðstöðu og fagmennsku þegar kemur að hreyfipjálfun og hreyfifærni, þar hafa breytingar átt sér stað. Með tilkomu nýrra leikskóla er mikilvægt að horft sé til aðstöðna út frá gildi hreyfipjálfunar og stutt sé vel við þá leikskólastjóra sem

eru að reyna að efla þennan þátt. Á sama tíma þarf að koma í veg fyrir að aðstaða til hreyfipjálfunar sé tekin undir annað starf t.d. í eldra húsnæði. Sérstaklega fyrir börn með skertan hreyfiproska, þá er gríðarlega mikilvægt að tekið sé alvarlega hve snemmtæk íhlutun er mikilvæg á sviði hreyfifærni. Hvert ár skiptir máli. YAP verkefnið skilar sér líka í því að styrkja börnin og undirbúa þau fyrir fyrsta íþróttatímamann í grunnskóla og þátttöku í almennu íþróttastarfi.

Með samstarfi leikskóla á Suðurlandi væri hægt að skapa öllum börnum sömu tækifæri til markvissrar hreyfipjálfunar. Það var mjög áhugasamur hópur leikskólastjóra og starfsfólks sem mætti á kynninguna á Selfossi. Þó aðstaða sé mismunandi í leikskólum þá getur YAP nýst á jafnt litlu sem stóru svæði. Allir geta nýtt verkfærakistu YAP og undraverður árangur næst ef faglega er staðið að málum. Takk Jötunheimar fyrir að veita aðstöðu til þessa viðburðar.

Anna Karólína Vilhjálmisdóttir
Erkvstj. Special Olympics á
Íslandi / Þróunarsviðs ÍF



Kósýkvöld

20% afsláttur af öllum vörum í dag 16. nóvember í verslun okkar á Selfossi*

Opið til
22

20%
afsláttur
af öllu*

*Gildir ekki af Óskaskrínum og frímerkjum

Gildistími Kósýkvölds tilboða er til og með 16. nóvember 2023 eða á meðan birgðir endast. Gildir einungis í versluninni Selfossi

penninn.is
540-2316

selfoss@penninn.is
Brúarstræti 6

PENNINN

Eymundsson

Kvöldstemning

Fimmtudagskvöldið 16. nóvember er komið að hinni árlegu kvöldstemningu okkar. Kl. 18 verður kveikt á jólaljósunum í bænum og af því tilefni höfum við opið lengur. Sköpum jólastemninguna saman.

Þú færð allt fyrir jólin í Árborg – og meira til!
Verslum í heimabyggð!



Öll fyrirtæki sem eru með opið lengur setja kerti út hjá sér.

Myndir frá Skjálftanum 2023

Mynd: Sunna Ben



Frétt á baksíðu

Gefðu persónulegar jólagjafir í ár

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar
getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl**
og **myndabækur**.



ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



**HEILDARLAUSNIR
Í PRENTUN**

Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
16. nóvember kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS

Fimmtudaginn 16. nóv.
kl. 14:45. Kynning á
þjónustu Sveitarfélagsins
Árborgar við eldri borgara.
Kaffi 200 kr. og kaffi og
kökur 1.500 kr.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholti 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2277
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIRKJA

Selfosskirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 19.
nóvember kl. 20:00. Kirkjukórinn
syngur, organisti Edit A. Molnár,
prestur Guðbjörg Arnardóttir
Sunnudagaskóli sama dag kl.
11:00, umsjón Sjöfn, Katrín og
Dóra.

Morgunbænir þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15
Þriðjudagssamvera 21. nóv-
ember kl. 14:00. Gestur verður
Valdimar Guðjónsson.

Eyrarbyggjakirkja

Messa sunnudaginn 19. nóvem-
ber kl. 11:00. Kirkjukórinn syng-
ur, organisti Pétur Núi Stefáns-
son, prestur Guðbjörg Arnar-
dóttir.

Gaulverjabæjarkirkja

Messa sunnudaginn 19. nóvem-
ber kl. 14:00. Kirkjukórinn syng-
ur, organisti Pétur Núi Stefáns-
son, prestur Guðbjörg Arnar-
dóttir.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11. Prestþjónusta Axel
Á Njarðvík. Barnastarf í umsjá
Bergþóru Ragnarsdóttur, dják-
nakandítas á laugardegnum kl.
11 sem endar á grjónaugraut og
slátri í Gestastofunni. Öll börn
alltaf velkomnir.

Torfastaðakirkja

Guðsþjónusta kl. 14. Prests-
þjónusta Axel Á Njarðvík.

Kotstrandarkirkja

Prjónamessa kl. 14. Takið endi-
lega með ykkur handavinnu! Sr.
Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar,
Kirkjukór Hveragerðis- og Kot-
strandarsóknar syngur og organ-
isti er Miklós Dalmay.

Hveragerðiskirkja

Kvöldguðsþjónusta kl. 20. Ljóf
og notaleg stund. Sr. Ninna Sif
Svavarsdóttir þjónar, Kirkjukór
Hveragerðis- og Kotstrandar-
sóknar syngur og organisti er
Miklós Dalmay.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma, sunnudagaskóli og
kaffiveitingar sunnudaginn 19.
nóvember kl. 11:00 í Hvíta-
sunnukirkjunni Selfossi, Austur-
vegi 40B. English translation
available. Allir innilega velkomn-
ir. www.selfossgospel.is

Hrepphólakirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 19.
nóv. kl. 11. Félagar úr kirkju-
kórnum syngja undir stjórn
Eyrúnar Jónasdóttur organista.
Verið öll hjartanlega velkomnir.

Stóra-Núpskirkja

Kvöldvaka sunnudagskvöldið
19. nóv. kl. 20. Sálmar og söng-
lög flutt af kirkjukórnum undir
stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur.
Árdís Jónsdóttir í Eystra-Geld-
ingaholti og Haukur Haraldsson í
Stóru-Mástungu flytja sjálfsvalin
innlegg. Hugvefja, bæn og
blessun. Verið öll hjartanlega
velkomnir.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

auglysingar@dfs.is



Jólabasar á Eyrarbakka

Hefðir eru flestar skemmti-
legar og af hinu góða, ekki
síst þegar jólin nálgast.

Hinn árlegi Jólabasar Kven-
félagsins á Eyrarbakka er ein
af föstum hefðum til margra ára
og á sinn fasta sess í félagsstarfi
Eyrabekkinga.

Undirbúningur er samvera
og samvinna sem gaman er að

vinna að og hlúa að góðum mál-
efnum.

Til sölu er ýmis varningur
sem kvenfélagskonur hafa unn-
ið að, hannyrðir af ýmsu tagi,
jólavörur, trévörur, áprentaðar
serviettur, handgerð kort, sultur,
marmelaði, brauð og bakkelsi
og margt fleira fallgett.

Ennfremur styður samfélagið
vel við okkar störf með að leggja
okkur lið sem ber að þakka.

Kaffi, gos og vöfflusala er til
staðar og vonast Kvenfélagið til
að sjá sem flesta og eiga nota-
lega stund saman á Stað á Eyrar-
bakka á sunnudaginn 26. nóv-
ember. Basarinn hefst kl. 14:00.

Eins og endranær rennur
ágóði til líknar og góðgerða-
mála.

Allir hjartanlega velkomnir

F.H. basarnefnd Kvenfélagsins
M.G.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlun

**Jákvæðar
hugsanir
breyta
deginum**

**Ragnhildur
Sigurðardóttir
Farsími
693 2197**

Cand.mag. í fjórtálfæðum,
nálastungu, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.



Með **Dáleiðslu** má vinna að
úrbotum ýmiskonar
vandamála, líkamlegra sem
andlegra. Það má líka fara
aftur í tímann og sjá löngu
liðna atburði, hætta
reykingum og margt annað.

- Ég er líka með
augnlestur en með honum
má sjá ástand viðkomandi,
líkamlegt og andlegt. Þessu
fylgja ráð um hvernig breita
má hlutum til betri vegar.
- Er einnig með **Nudd og
svæðanudd** -

Heiðar Ragnarsson
Heilsulindinni í Miðgarði
s. 8981501

TIL SÖLU



Garn til sölu

Garn til sölu á 13.000 kr. Kassinn
fylgir með. Uppl. í síma 693
3220.



Ljósmynd: Dagskráin/Helga Guðrún

Húsasmiðjan og Blómaval opna í nýju húsnæði á Selfossi

Ný og stórglæsileg 5000 fermetra verslun Húsasmiðjunnar, Blómavals og Ískraft opnaði óformlega mánudaginn 13. nóvember sl., að Larsenstræti 6 á Selfossi en formleg opnun verslunarinnar verður á morgun, föstudag.

„Þegar við hófumst handa við að hanna nýja verslun fyrir Húsasmiðjuna, Blómaval og Ískraft, allar undir sama þaki, vorum við með nokkuð skýra mynd af því hvemig við vildum hafa búðina og þjónustuna. Til að skerpa enn frekar á upplifun viðskiptavina fengum við til okkar frábæra ráðgjafa frá Bretlandi, MWorldwide til að vinna verkefnið áfram en sú hönnun fékk í framhaldi af opnun verslunar á Akureyri, silfurverðlaun í DBA hönnunarverðlaununum bresku (Design Effectiveness Award). Við leggjum áherslu á þarfir viðskiptavina, aukna upplýsingagjöf, stafræna tækni og aukin svæði með sýnishornum. Verslun okkar á Selfossi er í sama anda og verslun okkar á Akureyri sem við opnuðum fyrir rúmu ári síðan. Við erum mjög spennt að opna þessa glæsilegu verslun hér á Selfossi í vikunni, sem stenst fullkomlega samanburð við þá norðan heiða, sem og samskonar verslanir erlendis,“ segir Guðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri verslanasviðs Húsasmiðjunnar í samtali við Dagskrána.

120 manns lögðust á eitt

Meðal fjölmargra nýjunga í versluninni eru sjálfsafgreiðslukassar, rafrænar hillumerkingar, hleðslustöðvar og gæsilegt sölu- og ráðgjafasvæði fyrir sölu-ráðgjafa. Flutningar úr gömlu versluninni hafa gengið vel, en smátt og smátt hefur starfsfólk flutt vörur yfir í nýju verslunina undanfarnar vikur og um helgina voru um 120 manns, ásamt fjölda iðnaðarmanna, sem flyktktust saman og fluttu megnið af því sem eftir var í gömlu versluninni yfir í þá nýju.

Guðrún Tinna segir Húsasmiðjuandann einkennast af samheldni og að allir hafi lagst á eitt. „Um 25 manns, bæði frá Selfossi og Vöruhúsi Húsasmiðjunnar í Reykjavík fluttu alla þungavöru. Vörustjórnir okkar hafa hjálpað deildarstjórnunum í versluninni á Selfossi að

skipuleggja uppröðun vara, raða sýnishornum og tilfallandi. Auk nánast allra starfsmanna og helgarstarfsmanna úr versluninni á Selfossi, komu handboltastrákar og stelpur úr meistaraflokki kvenna á Selfossi, Starfsmenn Húsasmiðjunnar og Blómavals frá Reykjavík, verslunum okkar í Skútuvogi, fagmannaverslun, Grafarholti, Vestmannaeyjum og Akranesi, ásamt öflugum hópi frá Akureyri og hjálpuðu til við flutninga. Þá var stór hópur, mestmegnis kvenna, frá skrifstofu Húsasmiðjunnar í Reykjavík, sem eyddi allri helginni í að raða vörum upp í hillur og gera verslunina tilbúna fyrir formlega opnun næsta föstudag. Hinn ein-kennandi Húsasmiðjuandi hefur sýnt sig vel og það var frábært að sjá þann fjölda fólks sem tilbúið var að stökkva úr sínum daglegu störfum og taka þátt í þessu stóra og verðuga verkefni með okkur.“

Breidd í vöruvali og þjónustu

„Húsasmiðjan og Blómaval er með ólíkan hóp viðskiptavina, frá einstaklingum sem kaupa t.d. blóm, ísskáp, fá litaráðgjöf eða kaupa timbur fyrir pallinn sinn, yfir í stærstu byggingaverktaka landsins þar sem þjónusta og tilboðsgerð í t.d. stál, plötur og timbur skipar stóran sess. Þetta krefst mikillar breiddar í vöruvali og þjónustu, þótt í grunninn sé ávallt sama leiðarljósið þ.e. að eiga í góðu sambandi við viðskiptavininn og þjónusta vel með réttum vörum á réttum tíma,“ bætir Guðrún Tinna við.

„Á morgun, föstudag, verður mikil viðhöfn þegar búðin verður opnuð með glæsibrag og á laugardaginn verður fjölskylduhátíð með Latabæ, blöðrum, veitingum og gleði. Að sjálf-sögðu verður fjöldi glæsilegra opnunartilboða út nóvember samhliða opnuninni. Ég er ekki í neinum vafa um að viðskipta-vinir okkar verði jafn ánægðir með nýju verslunina og við. Aukið vöruframboð og bætt framsetning voru stór áhersluat-riði við uppsetningu verslunarinnar, því það skiptir okkur höfuðmáli að upplifun allra okkar viðskiptavina sé hin besta, án þeirra værum við ekki hér!“ Segir Guðrún Tinna að lokum.

HGL

Jólamarkaður Kvenfélags Biskupstungna

Kvenfélag Biskupstungna heldur árlegan jólamarkað sinn í Aratungu laugardaginn 25. nóvember kl. 13–16:30. Mikil spennan ríkir alltaf í kringum markaðinn og er hann stór hluti af fjáröflun kvenfélagsins en það sem safnast fer í góð málefni.

Á markaðnum er ávallt mikil jólastemning en á boðstólum verður fallegt handverk af ýmsum toga, matvörur úr héraði, jólavörur og ýmislegt annað spennandi. Einnig er hægt að setjast niður í notalegri kaffihúsastemningu og gæða sér á kræsingum af kökuhlaðborði kvenfélags-kvenna auk þess að taka þátt í hlutaveltunni sem er alltaf stútfull af skemmtilegum vinningum, enginn núll!

Enn eru nokkur söluborð eftir og hægt að tryggja sér borð hjá ellisifmb@gmail.com eða í síma 865 4393. Allir eru hjartanlega velkomnir.



Kvenfélag Biskupstungna Mynd: freepik.com

Samgönguáætlun SASS 2023-2033

Ívor samþykkti stjórn SASS að ráðast þyrfti í það á nýjan leik að uppfæra samgöngu-áætlun SASS. Fyrsta samgönguáætlunin var samþykkt á ársþingi SASS í október 2017. Ári síðar var ákveðið að uppfæra áætlunina þar sem hún þarfnadist endurskoðunar, og nú vorið 2023 samþykkti stjórn SASS að fara í þriðju uppfærsluna sem kann að vera til marks um að margt hafi gerst í samgöngumálum á undanförnum árum. Samgöngunefnd var í kjölfarið skipuð af stjórn SASS nú í ágúst. Stjórnin lagði til að formaður nefndarinnar yrði Njáll Ragnarsson frá Vestmannaeyjum. Ingvi Már Guðnason frá SASS var starfsmaður nefndarinnar. Ný samgönguáætlun var í kjölfarið samþykkt á ársþinginu sem fram fór í lok október sl.

Í þessari ný samþykktu samgönguáætlun eru tekin saman þau verkefni sem að sveitarfélögin á Suðurlandi leggja helst áherslu á að verði unnin í samgöngumálum á árunum 2023-2033. Tilgangurinn með henni er að marka stefnu fyrir Suðurland í samgöngumálum, gera grein fyrir helstu áætlunum og setja fram lista yfir það sem nefndin telur helstu for-gangsverkefni fram undan. Þær samgöngur sem fjallað eru um í áætluninni ná yfir vegamál, hafnir, almenningssamgöngur og flugvelli á Suðurlandi.

Nefndin taldi nú sem áður mikilvægt að ná fram forgangs-verkefnum. Í þeirri vinnu lagði nefndarfolk mat á svör sveitarfélaganna við spurningum nefndarinnar auk þess að taka til greina samræður við hagsmunaaðila og viðbragðsaðila. Nefndin fékk gesti á fundi sína sem að komu á framfæri sínum sjónarmiðum sem gögnuðust nefndinni. Gestir nefndarinnar voru starfsmenn Vegagerðarinnar, lögreglunnar og sjúkraflutninga á Suðurlandi. Auk þess kallaði nefndin eftir um-sögn frá Ungmennaráði Suðurlands.

Forgangsatriði sem að

nefndin lagði áherslu á eru ellefu talsins og eru þau eftir-farandi:

- Áfram þarf að forgangsraða vegaframkvæmdum á Suðurlandi í þágu öryggis veg-farenda. Mikill umferðarþungi er í umdæminu, ekki síst vegna mikillar fjölgunar ferðamanna, bæði á þjóð-vegi 1 sem og í uppsveitum Árnessýslu.
- Víða þarf að breikka vegi og laga vegaxlir. Á þetta við um þjóðveg 1 frá Markar-fljóti austur í Skaftafells-sýslur en einnig marga stofn vegi í uppsveitum. Gera þarf ríffur í vegmiðjur og koma fyrir vegriðum fyrir þar sem bratt er niður af vegum.
- Einbreiðar brýr í Suðurbjör-dæmi á þjóðvegi 1 eru 17 talsins fagnaðarefni er að í samgönguáætlun er áætlað að þar hverfi allar nema ein sem er yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi. Nefnd-in hvetur til þess að ráðist verði í tvöföldun brúarinnar hið fyrsta samhliða tilfærslu vegarins vegna landrofs.
- Setja þarf útskot, afreinar og aðreinar á hættulega staði þar sem umferðarþungi og hröð umferð mæta heim-reiðum og tengivegum. Þá þarf að huga að hjólréiða-fólki og gangandi umferð.
- Mikilvægt er að ráðast í heildarendurskoðun á vetr-arþjónustu og tryggja að þá daga sem vetrarfærð er sé snjór hreinsaður og vegir og gangstígar hálkuvarðir.
- Efla þarf löggæslu og við-bragð sjúkraflutninga. Sýnileg löggæsla og öflugt umferðareftirlit heldur niðri umferðarhraða og eykur ör-yggi vegfarenda. Þá er mik-ilvægt að stytta viðbragðs-tíma lögreglu og sjúkra-flutninga þar sem hann er mestur. Að því marki ber að fullkanna möguleikann á sérhæfðri sjúkrapyrlu á Suðurlandi.
- Stórar og kostnaðarsamar nýframkvæmdir er hægt að

fjármagna með hóflegum veggjöldum að hluta eða öllu leyti í samstarfi ríkis og einkaaðila. Útfæra þarf aðkomu ríkisins að slíkum framkvæmdum, hvort sem þær eru fullu fjármagnaðar með veggjöldum eða að hluta úr ríkissjóði.

- Mikilvægt er að styrkja upp-byggingu ferðamannavega – þeir sjóðir sem styrka slíka uppbyggingu þarf að efla þannig að raunveru-legt fjármagn fái til fram-kvæmda. Þá er mikilvægt að aukið fjármagn fái til uppbyggingar og viðhalds stofn- og tengivega þannig að lagningu bundins slitlags á þá vegi verði hraðað.
- Tryggja þarf áfram nægilegt fjármagn til dýpkunar í og við hafnir á Suðurlandi og tryggja að dýpkun geti farið fram allan ársins hring. Þá þarf sömuleiðis að vinna að endurbótum á höfnunum og eftir atvikum stækkun þeirra, enda eru hafnirnar gríðarlega mikilvægar svæðinu og þjóðinni allri.
- Sunnlendingar eiga að vera brautryðjendur í grænum samgöngum á Íslandi líkt og gert var með rafvæðingu Herjólfss. Gera þarf stóráttak í að fjölga hleðslustöðvum fyrir rafbíla um allt Suður-land og því þurfa sveitar-félög að vera tilbúin með skipulag fyrir slíkt. Þá þarf að vinna áfram í landteng-ingu hafna.
- Fyrirbyggja þarf landrof sem ógnar mjög þéttbýlinu í Vík sem og við þjóðveg 1 á Breiðamerkursandi.
- Mikilvægt er að lands-byggðin hafi greiðan að-gang að skilvirkum, öfl-ugum og hagkvæmum al-menningssamgöngum sem tryggja aðgengi að þjónustu í höfuðborginni. Þá er mik-ilvægt að flugsamgöngur verði tryggðar til framtíðar bæði til Hornafjarðar og Vestmannaeyja.



Fleiri myndir inni á DFS.is

Grunnskólinn í Hveragerði. Mynd: Sunna Ben.

Grunnskólinn í Hveragerði sagraði Skjálftann 2023

Sunnensk ungmenni áttu sviðið í Skjálftanum sem fór fram í íþróttahúsinu í Þorlákshöfn laugardagskvöldið 11. nóvember. Skjálftinn er byggður á Skrekk, hæfileikakeppni ungmenna í grunnskólum Reykjavíkurborgar, og fór hann nú fram í þriðja sinn, en í fyrsta sinn með áhorfendum þar sem fyrstu tvær keppnirnar voru undir áhrifum heimsfaraldurs.

Atriðin komu frá sjö sunnenskum skólum sem tóku þátt þetta árið og má með sanni segja að atriðin hafi hreyft við þeim 500 áhorfendum sem voru á staðnum enda boðskapurinn oft en ekki djúpur og með alvarlegum undirtón. Í Skjálftanum, líkt og Skrekk, er lögð mikil áhersla á að ungmennin sjálf þrói atriðin, allt frá hugmynd að lokaútkomu á sviði og því endurspeglu atriðin hugðarefni þeirra og má segja að keppnirnar séu farvegur fyrir raddir ungs fólk á hverjum tíma. Ásamt því að móta listrænu hlið atriðanna þurfa þau líka að hugsa um tæknilegar útfærslur, hljóð, ljós, búninga, förðun og fleira og leggja mikinn tíma og vinnu í þetta skapandi ferli sem reynir á þrautseigju, skapandi hugsun og samvinnu.

Dómnefnd skipuðu leikararnir og tónlistarfólkið Júlí Heiðar, Þórdís Björk og dansarinn Ástrós Guðjónsdóttir. Þau fengu það erfiða verkefni að velja á milli atriðanna sem voru öll virkilega metnaðarfull og vel útfærð. Niðurstaðan var að Grunnskólinn í Þorlákshöfn hreppi 3.

sætið, Vallaskóli á Selfossi 2. sætið og Grunnskólinn í Hveragerði sagraði Skjálftann 2023.

Siguratriði Hvergerðinga hét Sound of silence og fjallaði um þær alvarlegu afleiðingar sem einelti getur leitt af sér á listrænan hátt og lögðu þau áherslu á mikilvægi þess að eiga heilbrigð og góð samskipti. Það sé ekki nóg að heyra, það þarf líka að hlusta og það sé ekki nóg að tala því við þurfum líka að vita hvað við erum að segja vegna þess að orð hafa áhrif.

Vallaskóli flutti áhrifamikið atriði sem hét Eitt skref áfram og fjallaði um kvenréttindabaráttu þar sem sögulegt samhengi var fléttað við upplifanir kvenkyns nemenda sem eru í Vallaskóla árið 2023.

Atriði Grunnskólans í Þorlákshöfn fjallaði um líf stúlku og samskipti hennar við for-

eldra, kærasta og vini. Tengslin voru sett fram sem strengir sem brotnuðu einn og einn sem varð til þess að á endanum brotnar stúlkan endanlega saman.

Athygli vakti að Bláskógaskóli á Laugarvatni kom í bolum merktum Skjálftanum og það sem meira er þá skáru þau sjálf út mót, máluðu og prentuðu á bolina. Virkilega metnaðarfullt og flott hjá þeim.

Kynnarnir Sirrý Fjóra og Matti sáu um að halda stemningunni í hæstu hæðum og stórstjarnan Patrik, eða Prettyboitjokkó flutti Skína sem var valið Skjálftalagið 2023, ásamt því að syngja nokkur af vinsælustu lögum landans við mikinn fögnuð viðstaddra.

Skjálftinn var haldinn með stuðningi frá Uppbyggingarsjóði SASS og Sveitarfélaginu Ölfusi.



Vallaskóli á Selfossi lenti í 2. sæti. Mynd: Sunna Ben.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is